

EFTIRTALDIR AÐILAR STYRKTU ÚTGÁFU ÚLFLJÓTS

Lögfræðistofa Gísla Baldurs Garðarssonar Pósthússtræti 13	Lögfræðiskrifstofa Gunnars Sæmundssonar Laugavegi 18
Lögfræðiskrifstofa Ólafs Gústafssonar hrl. Kringlunni 7	Lögfræðiskrifstofa Valgeirs Kristinssonar hrl. Reykjavíkurvegi 62, Hafnarfirði
Lögmanns- og endurskoðunarstofan sf. Skólavörðustíg 12	Almenna málflutningsstofan hf. Kringlunni 6
Sigurður Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður Skeifunni 11A	Lögmenn Bæjarhrauni 8 Guðmundur Kristjánsson hdl. Hlöðver Kjartansson hdl.
Lögmannsstofa Þorsteins Eggertss. hdl. Síðumúla 32	Tölvu- og verkfræðipjónustan Grensásvegur 16
Lögmannsstofa Laugavegi 18A Jón Sigfús Sigurjónsson hdl. Ómar Stefánsson lögfræðingur	Lögfræðistofa Sóleyjargötu 17 sf.
Allra handa hópferðir Funahöfða 17	Íslenska Álfélagið hf. Straumsvík
Plastpökkun hf. Skemmuvegi 8	Tollvörugeymslan hf. Héðinsgötu 1-3

EIRÍKUR TÓMASSON *hæstaréttarlögmaður*:



HUGLEIÐINGAR UM RÉTTARSTÖÐU RÁÐHERRA¹⁾

Hér á eftir ég víkja að nokkrum atriðum sem varða ráðherra, réttindi þeirra og skyldur. Ekki verður um að ræða tæmandi umfjöllun um efnið, heldur bollaleggingar mínar, m.a. um einstök mál þar sem reynt hefur á reglur stjórnarskrárinnar og annarra laga, jafnvel óskráðar réttarreglur um réttarstöðu ráðherra. Eðli máls samkvæmt verður heldur ekki hjá því komist að minnast á annars konar reglur en réttarreglur, þ.e. reglur sem nefna mætti pólitískar siðferðisreglur.

Í þessum hugleiðingum mun ég nánar tiltekið fjalla um eftirgreind atriði:

- 1) Réttarstöðu ráðherra almennt.
- 2) Skipun og lausn ráðherra.
- 3) Valdsvið ráðherra, þ. á m. valdsvið þeirra hvers gagnvart öðrum.

1. Réttarstaða ráðherra

Í 2. gr. stjkskr. segir að forseti Íslands og önnur stjórnarvöld fari, skv. stjórnarskránni og öðrum landslögum, með framkvæmdarvaldið. Æðstu handhafar framkvæmdarvaldsins, að forseta Íslands frátöldum, og einu framkvæmdarvaldshafarnir eða stjórnvöldin, sem stjórnarskráin nefnir sérstaklega auk forsetans, eru ráðherrarnir. Í 13. gr. stjkskr. segir þannig að forsetinn láti ráðherra framkvæma vald sitt og í 14. gr. stjkskr. er mælt svo fyrir að þeir beri ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Í 19. gr. er loks kveðið á um það að undirskrift forseta undir löggjafarmál eða stjórnareriendi veiti þeim gildi er ráðherra ritar undir þau með honum.

Sú meginregla íslenskrar stjórnskipunar, sem ráðin verður af 1. gr. stjkskr., en ræðst annars af stjórnskipunarvenju, er nefnd hefur verið þingræðisreglan, og felst í því að ráðherrar verði á hverjum tíma að njóta stuðnings eða a.m.k. hlutleysis meirihluta Alþingis, setur mark sitt á réttarstöðu þessara æðstu

¹⁾ Þessi grein er byggð á fyrirlestri sem haldinn var á námsstefnu á vegum Orators 16. febrúar 1994.

handhafa framkvæmdarvaldsins. Ráðherrar þiggja þannig umboð sitt frá þinginu, en ekki beint frá þjóðinni, og verða fyrir vikið í störfum sínum háðir þeim þingmeirihluta, sem þeir styðjast við hverju sinni, þ.á m. bera þeir bæði pólitíska og lagalega ábyrgð gagnvart þinginu eins og vikið verður að hér á eftir. Að sama skapi hafa ráðherrar meiri áhrif á störf þingsins en ella væri enda er þeim skv. 51. gr. stjkskr. bæði rétt og skylt að sitja þingfundi jafnvel þótt þeir séu ekki kjörnir þingmenn. Þar segir enn fremur að þeir eigi rétt á að taka þátt í umræðum eins og oft og þeir vilji, en gæta verði þeir þingskapa. Af 50. og 55. gr. laga nr. 55/1991 um þingsköp Alþingis, sbr. lög nr. 74/1992 og 102/1993, verður ekki annað ráðið en að ráðherrar megi aðeins taka tvisvar sinnum til máls í umræðum utan dagskrár og eftir atvikum þrisvar eða tvisvar sinnum við hverja umræðu um mál sem á dagskrá er, á sama hátt og almennir þingmenn. Virðist mér að þessi ákvæði gangi í berhöggi við fyrrgreint stjórnarskrárákvæði og beri þar af leiðandi að virða þau að vettugi.

Störf ráðherra eru að sjálfsögðu margvísleg, en í megindrátum má skipta störfum þeirra sem ædstu handhafa framkvæmdarvaldsins í tvennt: Annars vegar stefnumótun og hins vegar stjórn og eftirlit með störfum lægra settra stjórnvalda. Það leiðir af þeim ákvæðum stjórnarskrárinna um réttarstöðu ráðherra gagnvart forseta, sem áður voru nefnd, að ráðherrunum er ætlað að hafa frumkvæði að og að taka í raun þær stjórnvaldsákvarðanir, sem atbeina forseta þarf til, enda bera þeir einir ábyrgð á þeim ákvörðunum. Ljóst er hins vegar að forseti verður að staðfesta lög og önnur stjórnareringi með undirskrift sinni sé svo fyrir mælt í stjórnarskránni eða almennum lögum, þ. á m. skipun í ýmis ædstu embætti á vegum ríkisins, mikilvægustu samninga við erlend ríki og stjórnarfrumvörp, sbr. 20., 21. og 25. gr. stjkskr. svo einhver dæmi séu nefnd. Neiti forseti að staðfesta lagafrumvarp, sem Alþingi hefur samþykkt, fær frumvarpið engu að síður lagagildi, en leggja ber það undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar, svo sem nánar er fyrir mælt í 26. gr. stjkskr. Þar eð ríkisstjórn styðst yfirleitt við traustan þingmeirihluta kynni slík neitun því ekki aðeins að leiða til djúpstæðs ágreinings milli forseta og þings, heldur til stjórnarkreppu þar sem næsta öruggt er að ríkisstjórnin myndi segja af sér og ekki yrði unnt að mynda nýja stjórn fyrr en að þingkosningum loknum. Jafnvel gæti synjun forseta dregið lengri dilk á eftir sér ef ekki tækist að mynda ríkisstjórn að afstöðnum kosningum vegna tortryggni stjórn málaforingja í garð forsetans, með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir landsstjórnina.

Forseti á því um tvo kosti að velja sé hann af einhverjum ástæðum andvígur því að staðfesta lagafrumvarp, sem Alþingi hefur samþykkt, eða fallast á stjórnarráðstöfun, þar sem atbeina hans er þörf: Annað hvort að ganga gegn sannfæringu sinni eða skapa ella hættu á langvarandi stjórnarkreppu og illdeilum í stjórn landsins. Þetta kom glögg í ljós árið 1985 þegar núverandi forseti ætlaði að fresta því að staðfesta frumvarp til laga um bann við verkfalli flugfreyja. Þáverandi samgönguráðherra hótaði þá þegar í stað að segja af sér og varð það til þess að forseti staðfesti frumvarpið, samdægurs, sbr. lög nr. 96/1985. Er það skoðun mín að þetta dæmi og reyndar fleiri sýni, svart á hvítu, að ráðherrar fari í reynd með allt það vald, sem

forsetanum er falið í stjórnarskránni, ef frá er talin myndun ríkisstjórnar sem fjallað verður um hér á eftir. Forsetinn hefur vissulega vald til þess að neita að staðfesta lagafrumvarp eða stjórnarráðstöfun og verður að sjálfsögðu ekki knúinn til þess með valdi, en eins og embætti forseta hefur þróast í þau fimmtíu ár, sem liðin eru frá lýðveldisstofnun, hefur forseti, sem ekki er kjörinn pólitískri kosningu, veikar forsendur til þess að taka fram fyrir hendurnar á Alþingi og ráðherrum eins og ég hef lýst hér að framan.

2. Skipun og lausn ráðherra

Í 15. gr. stjkskr. segir að forseti skipi ráðherra og veiti þeim lausn. Eftir að ríkisstjórn hefur beðist lausnar, hvort sem er í kjölfar þingkosninga, vantrausts eða af öðrum ástæðum, hvílir sú skylda á forsetanum að beita sér fyrir myndun nýrrar ríkisstjórnar sem nýtur, eins og fyrr er fram komið, stuðnings eða a.m.k. hlutleysis hjá meirihluta þingmanna. Því miður hefur forseti, e.t.v. af sömu ástæðum og greindar voru hér að framan, fremur litið á sig sem hlutlausan dómara eða línuvörð í kapphlaupi stjórn málaforingja við að koma saman starfhæfri stjórn sem kallað er, svo sem þegar umboð til stjórnarmyndunar er látið ganga á milli formanna stjórn málaflokka eins og um sé að ræða fyrirfram skipulegt boðhlaup. Ekki er þó útilokað að forsetinn grípi í taumana, eins og gerðist við myndun utanþingsstjórnarinnar í tíð ríkisstjóra árið 1942, en hin ópólitíska staða hans gerir honum vissulega erfiðara um vik í því efni sem öðrum er snerta stjórn landsins.

Einn ráðherranna, „sá sem forseti lýðveldisins hefur kvatt til forsætis“, svo að notað sé orðalag 17. gr. stjkskr., ber hina stjórnskipulegu ábyrgð á því hverjir eru skipaðir ráðherra. Sú venja hefur skapast að það eru hins vegar þingflokkar þess eða þeirra stjórn málaflokka, sem standa að ríkisstjórn, er yfirleitt velja ráðherraefni flokkanna. Verðandi forsætisráðherra er ekki bundinn af því vali enda ber hann sem fyrr segir ábyrgð á skipun hvers og eins af ráðherrunum. Forsætisráðherra hefur þannig vald til þess, með formlegum atbeina forseta, að víkja einum eða fleiri ráðherrum úr embætti, án tillits til þess hvort meirihluti þingsins sé því samþykkuð eða ekki. Annað mál er það að slíkt kynni að valda því að þingið lýsti yfir vantrausti á forsætisráðherra og þar með væru dagar þeirrar ríkisstjórnar á enda taldir.

Ríkisstjórn tekur við völdum hér á landi án þess að þingið þurfi að lýsa yfir stuðningi við hana með sérstakri traustsyfirlýsingu enda nægir að stjórnin styðjist við hlutleysi af hálfu meirihluta þingmanna. Sá meirihluti verður þó að verja hana vantrausti því forsætisráðherra ber samkvæmt þingræðisreglunni skylda til að biðjast lausnar fyrir sig og ráðuneyti sitt, eins og það er orðað, sé honum eða ríkisstjórninni í heild vottað vantraust af meirihluta þingsins. Sé samþykkt tillaga um vantraust á aðra ráðherra er forsætisráðherra skylt að biðjast lausnar fyrir þá, en hann getur hins vegar sjálfur setið áfram á ráðherrastóli ásamt öðrum ráðherrum og eftir atvikum skipað nýja ráðherra í stað þeirra sem vikið hafa á brott.

Ráðherrar geta annars hvenær sem er beðist lausnar, hvort sem orsakir þess eru persónulegar eða pólitískar. Eigi forsætisráðherra í hlut biðst hann lausnar fyrir sig og ráðuneyti sitt. Segi aðrir ráðherrar af sér af pólitískum ástæðum,

t.d. vegna óánægju með stefnu ríkisstjórnarinnar, getur það valdið því að stjórnin missi meirihluta sinn á þingi. Sú varð einmitt raunin vorið 1974 þegar einn af ráðherrunum sagði sig úr þáverandi ríkisstjórn, en það leiddi aftur til þingrofs, þingkosninga og loks stjórnarskipta. Væntanlega verður enginn þvingaður til þess að sitja áfram í ráðherraembætti fremur en öðru embætti eftir að hann hefur beðist lausnar. Þó verða ráðherrar að sætta sig við að gegna störfum áfram, a.m.k. í tiltekinn tíma, sérstaklega þegar svo stendur á að forsætisráðherra hefur beðist lausnar fyrir ríkisstjórnina í heild og ný starfhæf stjórn hefur ekki verið mynduð. Þegar ríkisstjórn hefur þannig sagt af sér nefnist hún starfsstjórn og vísa ég sérstaklega til greinar Björns Bjarnasonar í Tímariti lögfræðinga 1979, bls. 3 og áfr., þar sem m.a. er fjallað um réttarstöðu ráðherra í starfsstjórn.

Erlendis tíðkast að ráðherrar biðjist lausnar eða forsætisráðherra víki ráðherrum úr embætti ef þeir hafa gerst brotlegir við lög eða ef þeim hafa í starfi eða í einkalífi orðið á annars konar mistök, jafnvel hafa ráðherrar horfið úr embætti vegna mistaka af hálfu undirmanna sinna. Mér er hins vegar ekki kunnugt um að neinn íslenskur ráðherra hafi beðist lausnar eða verið látinn víkja af þessum ástæðum, einum sér. Hvað því veldur getur varla verið það að íslenskir ráðherrar standi sig almennt betur í starfi en starfsbræður þeirra erlendis, heldur er hið pólitíska viðhorf annað hér en þar: Stjórnmalamenn og þar með væntanlega íslenskur almenningur virðast telja það til pólitískra afreka að menn sitji í ráðherrastólum á meðan sætt er og haldi fengnum völdum í stað þess að víkja sæti þótt þeir verði fyrir meiri háttar ágjöf í brotsjóum stjórnmalanna.

Í stjórnáskilum nr. 37/1993, sem gildi tóku 1. janúar 1994, er ráð fyrir því gert að starfsmenn í stjórnáskilum, þ.a.m. ráðherrar, skuli víkja sæti séu þeir af einhverjum ástæðum vanhæfir til meðferðar einstaks máls, sbr. nánar 3. gr. laganna. Í því tilviki setur forseti Íslands, að tillögu forsætisráðherra, annan einstakling í stað þess, sem vanhæfur er, til þess að taka ákvörðun í málinu. Fyrir skömmu reyndi í fyrsta skipti á þetta nýmæli í lögum þegar félagsmálaráðherra vék sæti við skipun deildarstjóra í ráðuneytinu þar sem bróðir hennar var meðal umsækjenda. Var þá utanríkisráðherra settur félagsmálaráðherra í hennar stað til þess að ganga frá skipun í deildarstjórastarfið.

3. Valdsvið ráðherra

Þau ákvæði stjórnarskrárinnar, sem fjalla um ráðherra, hafa verið skilin svo að hver ráðherra fari með óskorað vald í þeim málaflokkum, sem undir hann heyra, þó að sjálfsögðu með þeim takmörkunum sem felast í synjunarvaldi forseta og leiðir annars af stjórnarskránni og almennum lögum. Ríkisstjórnin er því ekki fjölskipað stjórnvald eða stjórnáskilunefnd eins og það er kallað í stjórnáskilum þegar fleiri einstaklingar fara í sameiningu með opinbert vald. Í 16. gr. stjkskr. er hins vegar svo fyrir mælt að lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skuli bera upp fyrir forseta í ríkisráði og í 17. gr. stjkskr. að ráðherra fundi skuli halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmál-efni, svo og ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál. Ríkisráðsfundur

eru, að því er mér skilst, nú orðið aðeins tveir eða þrír á ári, en voru mun tíðari áður fyrr. Er hér um að ræða enn eitt dæmið um þverrandi áhrif forseta á stjórn landsins. Ráðherra fundir eða ríkisstjórnarfundir, eins og þeir eru oftast nefndir, eru aftur á móti að jafnaði tveir í viku hverri. Þótt stjórnarskráin geymi fyrirmæli um að ráðherrar skuli á þeim fundum kynna hver öðrum drög að lagafrumvörpum og önnur mikilvæg stjórnarmál efni eru ráðherrar, að lögum, óbundnir af samþykktum ríkisstjórnar í málum sem undir þá heyra, t.d. ef þær ganga þvert gegn sannfæringu þeirra. Sú afstaða kann hins vegar að draga pólitískan dilk á eftir sér, jafnvel hafa í för með sér stjórnarslit, eins og vikið var að hér að framan.

Þrátt fyrir að ríkisstjórnin teljist samkvæmt stjórnarskránni ekki stjórnáskilunefnd í skilningi stjórnáskilulaga er nokkuð um það í almennum lögum að mál séu lögð undir ríkisstjórnina eða henni falið tiltekið hlutverk. Þannig er t.d. á mörgum stöðum vísað til ríkisstjórnarinnar í lögum nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands, en forkostulegasta ákvæðið af þessu tagi, sem ég hef rekið augun í, er þó að finna í lögum nr. 70/1972 um Stofnun Árna Magnússonar þar sem svo er tekið til orða í 1. gr. að stofnunin heyri „undir menntamálaráðherra, en undir ríkisstjórnina um varðveislu og umsjón með handritum þeim og skjalagögnum sem til Íslands verða flutt frá Danmörku.“ Þvílík lagaákvæði ber að mínu áliti að skýra svo, með hliðsjón af ákvæðum stjórnarskrárinnar, að forræði í hlutaðeigandi málum sé eftir sem áður í höndum þess ráðherra, sem með málaflokkinn fer, eftir atvikum í höndum forsætisráðherra ef málin eru mörg og ekki sundurgreind. Með tilvísun til ríkisstjórnar í stað ráðherra sé löggjafinn einungis að taka af skarið um það að málin séu „mikilvæg stjórnarmál efni“ í skilningi 17. gr. stjkskr. þannig að um þau skuli fjallað á ráðherra fundum.

Í 15. gr. stjkskr. segir m.a. að forseti ákveði tölu ráðherra og skipti störfum með þeim. Í 5. gr. laga nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands er að finna svofellt ákvæði: „Þegar skipt er störfum með ráðherrum skal hvert ráðuneyti óskipt lagt til eins og sama ráðherra.“ Ráðuneytin eru talin upp í 4. gr. laganna og verkefni hvers þeirra í reglugerð nr. 96/1969 um Stjórnarráð Íslands með síðari breytingum. Vafi leikur á því, svo að vitnað sé til ritsins Dansk statsforfatningsret I eftir Alf Ross, bls. 240-242, hvort forseti eða í raun forsætisráðherra sé bundinn af slíkum lagaákvæðum við skiptingu verka á milli ráðherra vegna þess að í stjórnarskránni er ekki gert ráð fyrir að löggjafinn geti takmarkað það vald sem forseta er fengið í 15. gr. stjkskr. Á þetta atriði hefur þó ekki reynt. Hins vegar getur komið upp ágreiningur milli einstakra ráðherra um það undir hvorn eða hvern þeirra tiltekið mál eða málaflokkur heyri. Í 2. mgr. 8. gr. stjórnarráðslaganna er svo fyrir mælt að í slíkum tilvikum skeri forsætisráðherra úr ágreiningi. Þess er skemmst að minnast að á liðnu hausti deildu ráðherrar hart um það hvort fjármála- eða landbúnaðarráðherra færi með forræði á innflutningi landbúnaðarvara. Forsætisráðherra leysti úr þeim ágreiningi með bréfi til beggja ráðherranna 8. september 1993 þar sem vitnað var til yfirlýsingar forsætisráðherra á Alþingi á liðnu vori þess efnis að forræði fyrir málaflokknum væri hjá landbúnaðarráðherra og stæði sú yfirlýsing óhögguð. Þótt ágreiningur um

innflutning á soðnu svínakjöti, sem fyrrgreind deila spannst af, hafi nú verið til lykta leiddur fyrir dómstólum virðist mér að umræddur úrskurður forsætisráðherra standi enn óhaggaður enda var ekki fjallað um gildi hans í umræddu dómsmáli, sbr. dóm Hæstaréttar frá 20. janúar 1994.

Ráðherrar stýra ráðuneytum sem í sjálfu sér eru ekki annað en skrifstofur ráðherranna svo að vitnað sé til fleygra ummæla Bjarna Benediktssonar, fyrrum forsætisráðherra. Þess vegna skiptir engu máli hvort mál eru lögð til ráðherra eða ráðuneyta í lögum því ráðherra á ætíð síðasta orðið enda ber hann samkvæmt 14. gr. stjkskr. einn ábyrgð á öllum ákvörðunum sem teknar eru af einstökum starfsmönnum ráðuneyta í umboði hans. Það þýðir því ekki fyrir ráðherra, eins og stöku sinnum hefur viljað brenna við, að skjóta sér undan ábyrgð með því að vísa á undirmenn sína í ráðuneytinu, hvað þá að bera við skorti á vitneskju um það sem þeir eru að aðhafast.

Í stjórnarskránni er gengið út frá því að ráðherrar fari með æðsta framkvæmdarvald, hver á sínu sviði. Frá því er þó gerð ein undantekning þar sem í 76. gr. stjkskr. er gert ráð fyrir að sveitarfélögin ráði sjálf málefnum sínum „með umsjón stjórnarinnar“ eins og það er orðað. Af þessu mætti draga þá ályktun að óheimilt væri með almennum lögum að skerða vald ráðherra yfir einstökum ríkisstofnunum eða fela öðrum aðilum en ráðherrum endanlegt úrskurðarvald um einstök mál eða málefni er til stjórnarsýslu ríkisins teljast. Þetta hefur þó tíðkast í nokkrum mæli, ýmist með því móti að lög hafa lýst tilteknar ríkisstofnanir sjálfstæðar og/eða sett þær undir yfirstjórn þingkjörinna stjórnna eða ráða ellegar að lög hafa fengið óháðum úrskurðaraðilum það verkefni að leysa til fullnustu úr réttarágreiningi á afmörkuðum sviðum innan stjórnarsýslunnar. Með tilliti til þess hve lengi þessi háttur hefur tíðkast og hve algengur hann er orðinn verður að líta svo á að hann styðjist, a.m.k. nú orðið, við stjórnskipunarvenju. Ókostirnir við það að lýsa ríkisstofnanir sjálfstæðar og setja þær undir þingkjörnar stjórnir eða ráð eru þeir að slíkt eykur hættu á árekstrum og ósamræmi í landsstjórninni auk þess sem fyrirvarsmenn þessara stofnana eru ekki ábyrgir fyrir Alþingi með sama hætti og ráðherrar. Þetta kom t.d. vel í ljós í umfjöllun um launakjör hjá bankastjórum ríkisbankanna nú fyrir skömmu þar sem hver vísaði á annan. Stjórnarskráin kemur að minni hyggju í veg fyrir að löggjafinn geti, að eigin geðþótta, lýst stofnanir sjálfstæðar og þar með tekið þær undan yfirstjórn ráðherra. Það verður aðeins gert í takmörkuðum mæli og einungis ef skýr efnisrök mæla með því. Háskóli Íslands og Seðlabanki Íslands eru dæmi um ríkisstofnanir sem eru þess eðlis að heimilt er að veita þeim sjálfstæði með ákvæðum í lögum, a.m.k. að vissu marki.

Ráðherrar eru bundnir af fyrirmælum stjórnarskrár og almennra laga í störfum sínum, að því tilskildu að þau lagaákvæði samrýmist stjórnarskránni. Þá hafa ráðherrar, samkvæmt stöðu sinni, heimild til þess að gera margvíslega samninga fyrir hönd ríkisvaldsins, m.a. við einstaklinga og samtök þeirra. Við gerð slíkra samninga eru ráðherrar að sjálfsögðu sem endranær bundnir af fyrirmælum stjórnarskrár og einstakra laga. Brjóti ráðherra gegn þeim fyrirmælum við samningsgerð vakna ýmsar spurningar, þ.á m. um gildi samningsins gagnvart viðsemjanda eða viðsemjendum ráðherra sem e.t.v.

hafa verið í góðri trú um heimild ráðherra til þess að gera samninginn. Á þetta álitafni reyndi nýlega í tveimur samkynja málum sem dæmd voru í Héraðsdómi Reykjavíkur 20. október 1993. Niðurstaða dómenda var sú að samkomulag, sem ráðherra hafði undirritað án fyrirvara um kaup á loðdýrahúsum og tilheyrandi búnaði og gerði m.a. ráð fyrir því að ríkissjóður yfirtæki áhvílandi veðskuldir, væri ógilt þar eð lagaheimild hefði ekki verið fyrir hendi svo sem boðið væri í 40. gr. stjkskr. þar sem lagt er bann við lántöku af hálfu ríkisins án slíkrar heimildar. Í niðurstöðum dómenda var ekki vikið að því hvort viðsemjendur ráðherra hefðu verið í góðri trú og því síður hver áhrif slíkt hefði á gildi samkomulagsins. Dómum þessum hefur nú verið áfrýjað til Hæstaréttar.

Niðurlag

Að lokum skal áréttað að hugleiðingar þessar eru fremur settar fram í því skyni að vekja menn til umhugsunar um réttarstöðu ráðherra, heldur en að veita svör við þeim spurningum, sem óhjákvæmilega vakna í því sambandi, hvað þá að gera fræðilega grein fyrir þessu áhugaverða efni. Ber að skoða þær í því ljósi.